

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 84 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn miðvikudaginn 10. febrúar 2021 kl. 17:00

í fundarsal að Ægisgötu 2.

Mættir voru: Agnes Einarsdóttir, Aníta Jóhannsdóttir, Arnar Pétursson, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Birna Vídó Þórsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Páll Þór Guðmundsson og Hörður Orri Grettisson framkvæmdastjóri.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Á dagskrá fundarins voru fimm dagskrárliðir:

1. Drög að ársreikningi 2020 og rekstrartölur janúar 2021.

Stjórnarformaður fór yfir drög að ársreikningi 2020. Rýnt var í nokkra stóra kostnaðarliði. Framkvæmdastjóri fór yfir rekstrartölur janúarmánaðar þessa árs.

Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra er þökkun yfirferðin.

2. Breytingar á skrifstofu í Vestm.eyjum.

Kynntar voru teikningar og fyrirhugaðar breytingar á skrifstofu og afgreiðslu í Vestmannaeyjum.

3. Starfsmannamál.

Fært í sérstaka trúnaðarfundargerð sem fylgir fundargerð þessari.

4. Fragt.

Framkvæmdastjóri kynnti nýja verðskrá fragtflutninga.

Niðurstaða: Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál.

Lögð var fram tillala að breytingum á afgreiðslu í Landeyjahöfn.

Niðurstaða: Samþykkt samhljóða.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður eftir tvær vikur.

Ekki annað rætt, fundi slitið kl.18:45.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.